

DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2019

FRÍTT
EINTAK

FERÐALANGAR Á FJARLÆGUM SLÓÐUM

Hanna Kristín og Hilmar Thorarensen
leggja heiminn að fótum sér

Eftir ÞÓRÐ ÖRN KRISTJÁNSSON Ljósmynd eftir HÖNNU KRISTÍNU JÓNSDÓTTUR

HRADAR hendur
í VIÐBURÐUM OG TÓNLIST

eftir ÞÓRÐ ÖRN KRISTJÁNSSON

er EITTHVAÐ SAMEIGINLEGT
með HARRY POTTER og DÖFF
SAMFÉLAGI?

eftir KRISTIN ARNAR DIEGO

TÁKNMÁLSNEMAR
fjalla um DÖFFHEIMINN


eftir RANNVEIGU SVERRISDÓTTUR



Veldu góða þjónustu

Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.

Fljótlegt
og þægilegt
að bóka bíl á
www.holdur.is



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**

— **Höldur** —

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

Bílaeigubílar heima og erlendis • Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylytols sem
aðalsætefnis í tyggigúmmii

Ritstjórapistill



Þórður Örn Kristjánsson
Ritstjóri
thok@hi.is

Fráfarandi ritstjóri Gunnar Snær Jónsson stýrði Döffblaðinu af festu og myndugleik frá 2013-2018. Blaðið hefur verið í stanslausri þróun síðan hann tók við og orðið uppspretta af fréttum ásamt fróðleik úr samfélagi okkar heyrnarlausra. Við þökkum honum vel unnið verk seinustu ár. Það er ekki auðvelt að feta í spor Gunnars en sjálfur tók ég við ritstjórn í lok október 2018. Ritstjórar setja alltaf mark sitt á efnið svo það gæti verið nýr tónn í þessu blaði miðað við fyrri ár en ég hef þó haldið tryggð við ýmislegt gott frá fyrri tíð.

Það hefur margt gerst í samfélaginu uppá síðkastið sem hefur mikil áhrif á okkur döff. Það átti að taka upp starfsgetumat en sem betur fer var fallið frá því eftir hörð mót-mæli ÖBÍ, Fh og fleiri aðildarfélagana. Nú stendur baráttan um að afnema svokallaða „krónu á móti krónu“ reglu sem hefur staðið í vegi fyrir atvinnu-þátttöku öryrkja um langt skeið. Það er einlæg trú mín að svo verði á nýju ári.

Aukning hefur verið á táknaðstúlkuðum menningar- og tónlistartengdum viðburðum á árinu. Sýningin Kabarett og Jólátónleikar Baggalúts vöktu mikla lukku og stóðu túlkarnir sig frábærlega við að skila verkinu til okkar döff. Táknmálssöngur hefur svo verið að ryðja sér til rúms hér á landi seinustu ár og er það mikið gleðiefni. Sjálfur hef ég saknað tónlistar úr hinum heyrandi heimi síðan ég varð heyrnarlaus 18 ára gamall en hef lært að meta tónlist að nýju með þessu frábæra tjáningarformi sem táknmálið er.

„Texti er málið“ er slagorð sem við í Fh höfum verið að koma úti samfélagið síðan á degi heyrnarlausra 29. september 2018. Við viljum fá almennilegan texta á allt íslenskt sjónvarpsefni bæði forunnar og beinar útsendingar. Því miður er sú ekki raunin í dag. Ný tækni hjá RÚV var þó tekin í notkun í lok árs sem var breyting til batnaðar og nú er hægt að horfa á margt textað efni í endursýningu gegnum tímaflakk á netinu. Við döff verðum að vera dugleg að láta í okkur heyra í blöðum og fréttamiðlum þegar við erum ósátt. Munum að ekkert breytist ef gagnrýnin nær ekki eyrum þeirra sem valdið hafa. Textun íslensks efnis er stórt baráttumál margra hópa enda er textinn lykill okkar döff, heyrnarskertra og nýbúa að upplýsingum og menningu úr hinum heyrandi heimi eða með öðrum orðum „Texti er málið“.

Ég hafði stuttan tíma til að koma blaðinu saman en allir þeir viðmælendur sem ég hafði samband við voru boðnir og búnir að veita mér upplýsingar og kann ég þeim bestu þakkir fyrir. Ég vona að fólk njóti lestrarins og ef einhverjar óskir eru um efni eða áherslur fyrir næsta tölublað hvet ég ykkur til að hafa samband við undirritaðan.

Með kærri kveðju,
Þórður Örn Kristjánsson



Döff par ferðast saman

Hanna Kristín Jónsdóttir og Hilmar Thorarensen Pétursson eru döff kærustapar sem hefur ferðast saman um heiminn og upplifað margt spennandi. Þau leyfðu okkur að skygg-nast í myndaalbúmið sitt og heyra um sín framtíðarplön. Hægt er að lesa meira um ferðalangana á bls. 17.

6 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra Pistlar frá starfsmönnum félagsins.



7 Tilkynningahornið Fréttir og tilkynningar frá félaginu.



Samstarfsverkefnið Snorra deaf
Heiðís og Júlía segja okkur frá ferð sinni til vesturheims þar sem þau kynntust döff vesturförum og Snorri deaf verkefninu.



Barnahornið
Fróðleikur og fréttir fyrir yngstu kynslóðina.



12

Hraðar hendur - Táknmálistúlkaðir menningarviðburðir og tónlist
Rætt við sviðstúlka í Hröðum höndum um túlkun á Kabarett, Baggalút og öðru menningarefni fyrir döff.



20

Lestur fræðigreina: Táknmálsfræðinemendur skrifa
Háskólanemar í táknmálsfræði fjalla um döfheiminn og rannsóknir á honum.



22

Er eitthvað sameiginlegt með Harry Potter og döff samfélagi?
Stórmerkileg grein um frægasta galdradreng bókmenntanna og tengsl við döff samfélag.

1. tölublað | 20. árgangur
ISSN 1670 - 5013

Útgefandi
Félag heyrnarlausra

Skrifstofa
Pverholt 14
105 Reykjavík
Sími: 561-3560
deaf@deaf.is
www.deaf.is

Ritstjóri
Þórður Örn Kristjánsson
thok@hi.is

Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta og breyta innsendum bréfum og greinum í blaðið ef þörf þykir. Skoðanir einstakra höfundna eru ekki endilega skoðanir félagsins eða ritstjóra.

Framkvæmdastjóri
Daði Hreinsson
dadi@deaf.is

Ábyrgðarmaður
Heiðís Dögg Eiríksdóttir
heiddis@deaf.is

Auglýsingastjóri
Daði Hreinsson
dadi@deaf.is

Umbröt og hönnun
Gunnar Snær Jónsson

Ljósmynd á forsíðu
Hanna Kristín Jónsdóttir

Ljósmyndir
Þórður Örn Kristjánsson
og aðrar aðsendar myndir

Aðsendar myndir og greinar
doffbladid@deaf.is

Prófarkalestur
Vala Gísladóttir

Prentun
Prentsmiðjan Litróf
Vatnagarðar 13
104 Reykjavík
Sími: 563 6000

Fyrirspurnir um heimsendingu blaðsins
doffbladid@deaf.is

Upplag
1.200 eintök



Fylgist með okkur
@deaf.is



Fylgist með okkur
facebook.com/felagheyrnarlausra

Formannspistill



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
Formaður
heiddis@deaf.is

Gleðilegt nýtt ár kæri lesandi. Félagið fagnar nú um þessar mundir 59 ára afmæli og það styttest í stórafmæli félagsins. Alltaf eru fjölbreyttir viðburðir á döfinni hjá félaginu en um miðjan febrúar má búast við um 30 gestum frá Norðurlöndum vegna fundar Norðurlandaráðs heyrnarlausra og heyrnarlausra ungmenna ásamt norrænni málnefnd. Í vor verður alþjóðleg ráðstefna fyrir heyrnarlaust fræðifólk í háskólasamfélögum víðs vegar. Mörg áhugaverð erindi og vinnustofur verða á dagskránni. Áætlað er að fjöldi heyrnarlausra muni tvöfaldast og verður því gaman að fá stórt samfélag heyrnarlausra í þetta litla samfélag á Íslandi. Í sumar er svo aðalfundur WFD, alheimssamtaka heyrnarlausra og ráðstefna í kjölfarið. Stjórn Félags heyrnarlausra hefur samþykkt að tilnefna varaformann félagsins, hana Hjördísi Önnu Haraldsdóttur í stjórn WFD fyrir tímabilið 2019-2023. Það verður spennandi að

fylgjast með hvort hún nái kjöri á aðalfundinum. Ísland hefur aldrei átt fulltrúa í stjórn WFD fyrir og verður því mikill heiður fyrir Ísland að eiga fulltrúa í stjórn WFD. Í sumar eru líka ýmis mót fyrir börn, ungmenni og aldraða t.d. í Noregi, París og Danmörku. Það er alveg ljóst að döff sitja ekki auðum höndum. Ég hvet þig kæri lesandi til að heimasækja heimasíðu félagsins www.deaf.is, ef þú hefur einhverjar athugasemdir varðandi síðuna um hvað má betur fara og hvers þú saknar að sjá á síðunni skaltu ekki hika við að hafa samband við félagið.

Heiðdís D. Eiríksdóttir

Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson
Framkvæmdastjóri
dadi@deaf.is

Gleðilegt ár kæru döff félagsmenn og aðrir landsmenn. Þegar við skipuleggjum starfsemi Félags heyrnarlausra þá hef ég haft það að vana mínum að skipta starfseminni upp í haustönn sem er tímabilið frá opnun eftir sumarfrí í ágúst og til jóla. Vorönn er svo frá opnun eftir jól og fram að sumarfríi í byrjun júlí. Þannig höfum við geta tímasett okkar átök og verkefni með skipulögðum hætti og lokið þeim verkefnum innan þeirrar annar sem við höfum sett með okkur. Þessi aðferð er fín og starfsfólkið held ég bara sátt með þetta. En nú horfir aðeins öðruvísi við því framundan eru stór og mikil verkefni sem rúmast ekki innan einnar annar, heldur mun lengri tíma. Fyrir utan þessi hefðbundnu verkefni og þjónustu sem félagið sinnir, þá verður haldin hér stór menntaráðstefna döff háskólafélks í maí, DAC2019. Reikna má með allt að 200 döff frá öllum heimsálfum á ráðstefnuna sem verður haldin í aðstöðu Háskólans í Stakkahlíð. Sigríður Vala er verkefnastjóri ráðstefnunnar auk þess sem starfshópur er utan um ráðstefnuna og hefur verið í rúmt ár. Þá er einnig að huga að afmæli Félags heyrnarlausra en félagið á 60 ára afmæli 11. febrúar 2020. Er mikilvægt að huga að slíkum viðburði tímanlega og er stjórnin þegar farin

að huga að ýmsum þáttum er snúa að dagskrá og viðburðum. Ef aftur að vorönninni sem nú er nýhafin, markmið okkar er að huga að geðrækt af ýmsum toga sem kynnt verður á komandi vorönn. Þá hefur verið virkt teymi sem tekur á geðheilbrigðismálum döff og er markmiðið með teyminu að vera fagleg brú fyrir fólk með geðraskanir og aðra andlega kvilla út í kerfið. Höfum við m.a. Kristínu prest og Önnu Pálsdóttir sem er prestur og fjölskylduráðgjafi og hefur sinnt andlegum málefnum í áratugi. Teljum við hana vera mikinn feng fyrir félagið. Rekstur félagsins gengur vel og er í góðu jafnvægi þó happdrættissalan í haust hafi ekki verið eins góð og mörg árin þar á undan. Teljum við ýmsar aðstæður í þjóðfélaginu og tímasetningu sölunnar ekki hafa verið með okkur að þessu sinni. Verður að sjálfsgöðu brugðist við því með breyttum áherslum sem þegar eru í undirbúningi. Eins og ég hef áður sagt erum við opin fyrir öllum hugmyndum og tillögum frá okkar félagsmönnum til að gera gott félag betra. Góðar stundir!

Daði Hreinsson



Starfsmannskipti í Félagi heyrnarlausra. Gunnur Jóhannsdóttir sagði starfi sínu lausu á haustmánuðum 2018 og í lok nóvember var Guðrún Ólafsdóttir ráðin í hennar stað sem verkefnastjóri. Við óskum Gunnu velfarnaðar í nýju starfi og bjóðum Guðrúnu velkomna til starfa.



Þann 30. nóvember þakkaði Félag heyrnarlausra Valgerði Stefánsdóttur hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) fyrir langt og gott samstarf en hún hefur verið forstöðumaður frá stofnun miðstöðvarinnar árið 1990. Við þökkum Völu kærlega samfylgdina gegnum árin.



Tilkynningahornið



Við minnum á samflotið í Mörkinni í vetur. Djúp slökun og andleg upplifun í þyngdarleysi vatnsins með aðstoð flotnettú. Huggulegir og rólegir tímar sem vert er að prufa. Samflotið bætir svefn, dregur úr kvíða og nærir líkama og sál. Nánari upplýsingar gefur laila@deaf.is



Norrænt döfsmót fyrir 55 ára og eldri verður haldið í Álaborg í Danmörku dagana 26.-31. ágúst. Mótið fer fram á Hótel Comwell og hægt er að panta einstaklings- eða tveggja manna herbergi (120.250kr/196.100kr). Skráning fer fram á <https://deafuk.nemtilmeld.dk/5/>



Æskulýðsmót ungmenna 18-30 ára verður haldið í París 14.-20. júlí 2019. Hægt er að skrá þátttöku og fylgjast með á www.wfdcongress2019.org



Á forsíðunni og næsta blað

Ljósmynd: Hanna Kristín Jónsdóttir og Hilmar Thorarensen Pétursson í bátsferð á Tælandi.

Langar þig að senda okkur efni fyrir tímaritið okkar sem kemur næst út í febrúar 2020?

Með efni er átt við alls konar greinar eða myndir sem passa fyrir tímaritið. Ef þú lumar á einhverju, er engin spurning að senda okkur það. Það eru þó nokkrir punktar sem þarf að hafa í huga áður en efni er sent inn.

Við þurfum að vita hver er höfundur efnisins. Ef þú sendir okkur t.d. mynd sem er ekki þín, þarftu að taka fram hver er ljósmyndari vegna höfundaréttar.

Sendu okkur línu á doffbladid@deaf.is

Ef þú óskar eftir að fá blaðið sent heim þér að kostnaðarlausu, getur þú sent fyrirspurn á doffbladid@deaf.is

Samstarfsverkefnið **Snorri deaf** – Heyrnarlausir Vestur-Íslendingar

— EFTIR ÞÓRÐ ÖRN KRISTJÁNSSON —

MYNDIR EFTIR ÞÓRÐ ÖRN KRISTJÁNSSON OG HEIÐÍSI DÖGG EIRÍKSDÓTTUR

Í september 2018 fóru Heiðís Dögg Eiríksdóttir og Júlía Hreinsdóttir ásamt túlkinum Árnýju Guðmundsdóttur til N-Ameríku og Kanada að kynna sér Snorri deaf sem er angí af Snorra verkefninu er verið hefur við lýði í 20 ár. Verkefni þetta er spröttið af ættfræðigrunninum icelandicroots.com en þar er hægt að rekja ættir sínar aftur til þeirra Íslendinga sem fluttu búferlum á árunum 1870-1914. Íslendingar þessir voru kallaðir vesturfarar en allt að 20-25% þjóðarinnar fluttu þá til Vesturheims. Þær stöllum kynntu verkefnið ásamt Bryndísi Víglundsdóttur og Halldóri Árnasyni sem eru í forsvari fyrir Ísland á opnum félagsfundum þann 13. nóvember. Heiðís og Júlía sátu fyrir svörum hjá Döffblaðinu enda lék okkur forvitni á að vita meira um ferð þeirra og verkefnið.



Til vinstri Júlía Hreinsdóttir, Bryndís Víglundsdóttir, Valgerður Stefánsdóttir, Halldór Árnason, Heiðís Dögg og táknmálstúlkurinn Árný Guðmundsdóttir til hægri, við kynningu verkefnisins í Félagi heyrnarlausra í nóvember.



Bryndís Víglundsdóttir með kynningu á ættfræðigrunninum icelandicroots.com fyrir áheyrendur í Félagi heyrnarlausra.

Hvað er Snorri deaf og hverju á þetta verkefni að skila döff samfélaginu hér heima og erlendis?

Snorri deaf er samvinnuverkefni Íslands, Norður Ameríku og Kanada. Tveir til þrjár döff gestir skiptast á að heimsækja hvort annað á þeirra heimaslóðir. Núna í haust fóru t.d. tveir Íslendingar utan og stefnan er tekin á að taka á móti tveimur frá Kanada á næsta ári og svo koll af kolli. Markmiðið er að kynnast menningu og sögu vesturfaranna og kynnast döff samfélögum erlendis. Samfélög döff í vesturheimi eru mun stærri en okkar á Íslandi svo það er bæði fróðlegt og skemmtilegt að kynna sér þá

þjónustupætti sem þau hafa þróað til að bæta lífsgæði döff. Snemmtæk íhlutun döff barna, iðjubjálfun fyrir döff sem þurfa á því að halda og metnaðarfullt túlkanám er eitthvað sem við fengum að skoða. Svo eru öll skólastigin frá leikskóla og uppí háskóla með döff í huga og þar býðst einnig atvinna með stuðningi ásamt mörgu fleira.

Þetta er áhugavert, þið hafið sem sagt kynnst vel hvernig döff samfélagið virkar í vesturheimi. Getið þið sagt okkur ferðasöguna?

Ferðalagið byrjaði í Minneapolis 14. september þar sem við fengum höfðing-

legar móttökur hjá Íslendingum í N-Ameríku eða þeim sem eiga ættir að rekja til Íslands. Okkur var síðan skutlað til Óðinssætis, sem er í eigu velgjörðarkonu Icelandic Roots sem heitir Sunna Furstenau, hún var gestgjafi okkar í þessu stoppi. Við fórum í skoðunarferðir um Íslendingaslóðir eins og Mountain, Pembina, Garður, Vikur og margt fleira þar sem við skoðuðum íslenskar kirkjur, sögu þeirra sem byggðu svæðin upp og kirkjugarða þar sem mátti sjá fleiri hundruð íslensk nöfn. Á ferðinni mátti líka sjá bensínstöðvar og fleiri þjónustustöðvar með íslensk nöfn.



Íslensk nöfn og íslenski fáninn birtust víða á ferð okkar. Bensínstöðvar, matsölustaðir og bílnúmer voru til dæmis mörg merkt Íslendingum.



Garður er Íslendingasvæði í N-Ameríku en þar settust margir vesturfara að.

Að því loknu var ferðinni heitið til Kanada. Við fengum fylgd með fólki sem átti ættir að rekja til Íslands og gaman var að sjá hve vel þau héldu í íslenskuna. Í Winnipeg í Kanada tók á móti okkur nýr gestgjafi sem hafði unnið lengi sem kennari og kundi því vel amerískt tákni. Við fengum leiðsögn um þjónustumiðstöðvar fyrir döff, leik- og grunnskóla þar sem mátti sjá víðtæka þjónustu sem þekkt ekki á Íslandi. Í skólanum er boðið uppá talþjálfun, heyrnarmælingar, sjúkrapjálfun, iðjuþjálfun og fleira en þessi þjónusta sparar ferðalög barna og foreldra töluvert. Gestgjafinn hafði fundið nokkra döff sem áttu ættir að rekja til Íslands, gaman var að spjalla við þau og kynnst þeim. Við fórum með skemmtilegu föruneyti til Gimli, þar sem við kíktum á safn um sögu vesturfara og á þær slóðir er Íslendingar stigu fyrst fæti á jörð þar sem þeir hugðust byggja sér bú.

Eftir Kanada var farið til Norður Dakóta þar sem við heimsóttum döff skóla sem heitir Devils lake. Í þeirri skoðunarferð vorum við svo heppin að fá að glugga í

ævafora nemendaskráningarbók sem innihélt ítarlegar upplýsingar um nemendur frá upphafi skólans árið 1896 og voru það 600 blaðsíður. Í henni fundum við nokkur íslensk nöfn. Að því loknu hittum við hóp af döff sem höfðu verið við nám í skólanum og fengum þá vitneskju að finna mætti fyrrum nemendur sem eiga ættir að rekja til Íslands. Til að verkefnið gangi þarf að eiga ættir á Íslandi eða í Ameríku og því voru þetta okkur góðar fréttir.

Eftir þetta ferðalag var farið til Fairbault þar sem við heimsóttum annan döff skóla, mikil saga er á bakvið þennan skóla og þarna fengum við að sjá leiksvið sem er hannað sérstaklega fyrir döff. Einnig skoðuðum við heimavist sem átti að fara að opna og var teiknuð af döff arkitektum og alltaf var haft döff í huga við hönnunina, s.s. lýsingu og rými.

Í lok ferðarinnar var farið aftur til Minneapolis þar sem við heimsóttum meðal annars annan skóla í St.Paul. Sá döff skóli er sjálfseignarstofnun með opnum stofum. Mjög áhugavert var að

skoða ýmis form skólafestu. Á heimferðardegi var farið í heimsókn í eitt af elstu döff félögum í USA. Thomsen Hall heitir húsið, sem byggt var af döff velgjörðarmanni sem lést langt fyrir aldur fram. Húsið hafði verið hannað af góðum vini Thomsen sem var líka döff. Það var fróðlegt, áhugavert og skemmtilegt að kynnst sögu hússins og sjá rýmið þar sem döff voru í forgangi. Á þessum tíma, um upphaf síðustu aldamóta, var ekki verið að eyða plássi í stigaganga en þarna voru breiðir og góðir stigar svo döff gætu labbað hlið við hlið og haldið áfram spjallinu. Döff náðu augnasambandi á milli hæða með því að hafa stór stigaop og ljósarofar voru við sviðin en ekki innganginn eins og tíðkast annarsstaðar. Ferðalangarnir voru vel þreyttir eftir þetta ferðalag og komu heim til Íslands með nýjan bakpoka af þekkingu og reynslu.

Þetta hefur verið mikið ferðalag og margt spennandi að skoða. Kynntust þið döff fólki í ferðinni sem komið er af vesturförum?




„Gimli, hjarta Nýja Íslands“. Þangað fluttu flestir vesturfara og telst Gimli stærsta Íslendingasamfélag í Vesturheimi í dag.



Sérhannað leiksvið fyrir döff í Thomsen Hall. Öll hönnun sviðsins er með þarfir döff í huga. Til hægri: Thomsen Hall, eitt elsta döff félagið í Ameríku.



Heiðdís og Júlía ásamt döff Vestur-Íslendingum sem þær kynntust í ferðinni.



Já, við hittum nokkra döff í ferðinni. Við hittum döff eins og má sjá myndinni sem hér fylgir. Þau eru döff Vestur-Íslendingar. Konan til hægri, sem klæðist svartri peysu, á líka döff bróður sem er ekki á myndinni en þær og konan í bleiku peysunni eru frænkur. Maðurinn sem hefur íslenska fánann hefur heimsótt Ísland nokkrum sinnum og langaði að flytja og búa á Íslandi en þau hjónin höfðu ekki efni á því. Við Heiðdís hittum einnig fleiri döff sem þekkja döff Vestur-Íslendinga.

Á næsta ári eiga Íslendingar að taka á móti vesturförum, hvernig snýr fólk sér sem vill bjóða sig fram til undirbúnings eða fara til Kanada 2020? Getur hver sem er sótt um að taka þátt í verkefninu og hver ætli sé kostnaður fyrir hvern þátttakanda?

Fólki er velkomið að hafa samband við okkur, Júlíu og Heiðdís, sé vilji til að taka þátt í þessu verkefni. Dagskráin verður sniðin eftir þörfum gestanna, þau eiga eflaust eftir að hitta sína ættingja og eiga stund með þeim. Eingöngu þarf að hafa áhuga, vilja og getu til að vera með og eiga ættingja úti til að geta sótt um í verkefnið. Reynt verður að halda kostnaði eins lágum og hægt er fyrir þátttakendur.

Hvað stendur upp úr eftir þessa viðburðaríku ferð?

Heiðdís: Að sjá hve stórt og öflugt Íslendingasamfélagið er þarna úti þrátt fyrir að langur tími sé liðinn frá því að fyrstu vesturfarnir fóru út. Einnig var mjög eftirminnilegt að sjá Thomsen Hall húsið sem ég minntist á í ferðasögunni.

Júlía: Mér þótti eftirminnilegast þegar við Heiðdís heimsóttum döffskóla. Þar var okkur sagt frá döff Vestur-Íslendingum sem voru nemendur í North Dakota skóla fyrir heyrnarlausu. Kennarinn sýndi okkur kennslustofur í skólanum og bauð okkur

að koma niður í kjallara. Hún opnaði geymslu og sýndi okkur gamla bók með nákvæmri skráningu á nöfnum nemenda og foreldra þeirra, búsetu og fleiri upplýsingum frá því árið 1890. Þetta voru um 600 blaðsíður. Ég opnaði bókina og fletti nokkrum blaðsíðum og fann strax döff Vestur-Íslending, stúlku sem hét Berta árið 1896. Svo fletti ég hratt um 50 blaðsíður án þess að skoða og þá fann ég fyrir algjöra tilviljun annan döff Vestur-Íslending. Þá vorum við Heiðdís vissar um að það hefðu verið fleiri döff Vestur-Íslendingar í þessum skóla. Það þarf að rannsaka betur samfélag döff Vestur-Íslendinga þar.

Ég held að það sé ekki spurning, það þarf að rannsaka döff samfélag Vestur-Íslendinga betur. Er eitthvað sem þið viljið deila með lesendum um Snorra deaf verkefnið að lokum?

Við hvetjum alla til að taka þátt í verkefninu, margt smátt gerir eitt stórt og skilar sér margfalt til baka.


Við þökkum þeim vesturförum Júlíu og Heiðdís fyrir spjallið og myndirnar. Döffblaðið hvetur lesendur til að skoða tenglana sem fylgja og íhuga það vandlega að taka þátt í Snorra deaf verkefninu sem er án efa bæði fróðleg og skemmtileg lífsreynsla.

Tenglar sem vert er að skoða

Almennt um Snorra verkefnið: www.snorri.is

Um Snorra deaf verkefni: <https://www.icelandicroots.com/single-post/2018/05/21/Snorri-Deaf-Program>

Táknmálsmyndband um Snorra deaf: <https://vimeo.com/279349661>



Þessa 600 blaðsíðna bók þarf að rannsaka betur en þar leynast upplýsingar um íslenska döff vesturfara. Júlía og Heiðdís fundu strax tvö íslensk nöfn yfir nemendur við stutta skoðun á bókinni.



Óðinssæti er í eigu velgjörðarkonu Icelandic roots og var skoðað í ferðinni. Fallegt svæði í N-Ameríku.

Barna hornið

Norræn döff barnahátíð verður haldin í Norregi dagana 8.-12. júlí 2019 fyrir 7-12 ára börn. Þar verður skemmtidagskrá og mikil gleði. Nánari upplýsingar koma í febrúar. Hægt er að skrá sig og fylgjast með á www.wfdyscamp2019.org

Við minnum á að stórsýningin Ronja ræningjadóttir verður táknmálstúlkuð í Þjóðleikhúsinu þann 10. mars kl.13. Döff og fjölskyldur fá afslátt á sýninguna, almennt verð er 4.500 kr en með afslættinum 3.900 kr miðinn. Hægt er að kaupa miða í sérstök sæti til 15. febrúar gegnum hlekkin: <https://tix.is/is/leikhusid/specialoffer/dfs26r1v1bypu>



Viktor Karl Kristjánsson og Hurðaskellir í Jólaskapi.



Þann 14. desember voru litlu jólin í Félagi heyrnarlausra þar sem Sr. Kristín var með hugvekju. Jólasveinninn leit inn og gladdi unga sem aldna með sælgæti og sögum úr fjöllumum.

duglegur að fylgjast með þjálfaranum.

Það er frábært að samskiptin gangi vel í körfunni. Hefur þú verið að æfa fleiri íþróttir, ef svo er hvaða og hversu lengi?

Ég hef æft parkour, dans, skauta og síðast var ég að æfa fótbolta. Ég hætti í fótboltanum af því að strákarnir þar voru ekki sérstakir vinir mínir en í körfuboltanum eru allir vinir mínir. Ég vildi líka byrja í körfuboltanum því að Siggi bróðir minn er að æfa hann.

Hefur þú einhver fleiri áhugamál en körfubolta?

Mér finnst mjög skemmtilegt að spila Playstation og svo finnst mér alveg gaman að spila fótbolta ennþá og fylgjast með landsliðinu.

Áttu þér sérstaka fyrirmynd eða uppáhalds íþróttamann í körfunni og fótboltanum?

Uppáhalds körfuboltamaðurinn minn er klárlega LeBron James og svo er ég mikill Ronaldo maður.

Þeir tveir eru ótrúlega góðir leikmenn! Hvað viltu verða þegar þú verður fullorðinn?

Þegar ég verð fullorðinn þá langar mig mest að verða Youtube stjarna og kenna öðrum að spila tölvuleiki og svo langar mig líka að vera atvinnumaður í körfubolta og svo kannski að verða þjálfari einhvern daginn.

Við þökkum Aroni Degi fyrir spjallið og efumst ekki um að hann muni ná langt í því sem hann tekur sér fyrir hendur,

hvort sem er íþróttum, Youtube eða öðru. Gaman væri að heyrna í fleiri döff krökkum fyrir barnahornið í næsta tölu-blaði.

Vissir þú



Einn frægasti uppfinningarmaður sögunnar, Thomas Edison, sem fann m.a. upp ljósaperuna, var fæddur heyrnarlaus?

Eitt mesta tónskáld sem uppi hefur verið, sjálfur Ludwig van Beethoven, var heyrnarskertur og orðinn heyrnarlaus um fertugt. Þrátt fyrir það samdi hann margar af sínum dádustu sinfóníum eftir að hann varð heyrnarlaus.

Hægt er að finna heyrnarlausu atvinnumenn í flestum íþróttum sem stundaðar eru. Þeir spila í sterkustu deild körfuboltans (NBA), ruðnings (NFL) og íshokky (NHL). Heyrnarlausir semja tónlist, spila í hljómsveitum og vinna danskeppnir. Döff geta allt, nema heyrt!



Körfuboltakappinn Aron Dagur

Að Hlíðarenda, þar sem íþróttafélagið Valur er til húsa, æfa krakkar á öllum aldri hinar ýmsu boltagreinar. Ritstjóri Döfblaðsins hefur fylgst með barna- og unglingaflokknum lengi og í þeim hópi sem þar æfa er döff drengur sem var tilbúinn í smá viðtal eftir æfingu. Við heyrðum í Aroni Degi og spurðum hann nokkurra spurninga um íþróttaiðkunina.

Hvað ertu gamall Aron og í hvaða skóla ert þú?

Ég varð 13 ára í desember og er í Hlíðaskóla.

Nú æfir þú körfubolta með Val, hvernig gengur að æfa með heyrandi krökkum? Eru krakkarnir og þjálfarinn duglegir að gera sig skiljanlega við þig?

Það gengur bara vel að æfa með hinum strákunum, þeir eru allir mjög duglegir að útskýra fyrir mér ef ég heyrri ekki hvað þjálfarinn er að segja. Ég reyni að vera

Hraðar hendur Táknmálstúlkaðir menningar- viðburðir og tónlist

— EFTIR ÞÓRD ÖRN KRISTJÁNSSON —

Aukning hefur orðið á svokallaðri sviðstúlkun seinustu misseri þar sem tónlist og aðrir menningarviðburðir hafa verið táknmálstúlkaðir. Við settumst niður og spurðum túlka í Hröðum höndum spjörunum úr.

LJÓSMYND EFTIR ADAM SKRZESZEWSKI

Hverjir eru það sem standa að Hröðum höndum í dag og hafa verið að túlka menningarviðburði?

Eins og flestir vita voru Hraðar hendur upphaflega stofnaðar 1998 sem almenn táknmálstúlkaþjónusta. Sigrún Edda, sem var ein af stofnendunum, túlkaði þónokkra listviðburði fyrstu árin ásamt öðrum almennum verkefnum. Við sem stöndum að listtúlkahópi Hraðra handa í dag erum, ásamt Sigrúnu Eddu Theodórsdóttur, Adda Rut Jónsdóttir, Margrét Auður Jóhannesdóttir og Lilja Kristín Magnúsdóttir.

Við unnum allar sem túlkar hjá Hröðum höndum á sínum tíma en höfum í gegnum árin verið saman í ýmsum túlkaverkefnum fyrir leikhús og tónleika, stundum allar og stundum hver í sínu lagi. Það má kannski segja að skugga-túlkaða sýning Jesú litla í Borgar-leikhúsinu 2010 hafi verið upphafið að Hröðum höndum eins og hópurinn starfar í dag. Upp frá því fór meira að gerast og þéttar en áður. Með miklum barningi, endalausum fundum, styrkumsóknum, þrautsegju og ástríðu erum við komnar þangað sem við stöndum í dag frá því að rétt ná að skrapa saman fyrir einu verkefni á 3-4ra ára fresti yfir í fjögur verkefni á einu ári 2018.

Það er greinilega heilmikil vinna við að ná uppá kostnað fyrir þessum sýningum. Í september var Kabarett-sýningin túlkuð og var Karolinafund notað til að fjármagna túlkunina. Þessi

aðferð hefur gefist vel. Eigum við ekki von á fleiri þesskonar söfnunum fyrir túlkuðum menningar- og tónlistarviðburðum?

Reykjavík Kabarett átti frumkvæðið að þessu framtaki sem var frábært og tókst vel, við kunnum þeim miklar þakkir fyrir. Samstarfið var líka algjörlega frábært og virkilega vel að allri framkvæmd staðið. Það er aldrei að vita nema þessi leið verði einhvern tíma farin aftur til að tryggja aðgengi að skemmtilegum viðburðum sem ekki er til fjármagn fyrir.

Hefur Karolinafund verið notað áður í þessum tilgangi?

EKKI í okkar vinnu allavega. Við höfum helst verið að fá styrki frá Bjargarsjóði, Reykjavíkurborg, Foreldrafélagi heyrnarlausra barna og ÖBÍ auk ýmissa annarra, t.d. listahátíða og fjármála-stofnana. Engir þessara styrkja eru tryggð framlög heldur þarf að sækja um á hverju einasta ári og í það fer gríðarlega mikil vinna. Adda Rut hefur verið í má segja allt að 25% vinnu stóran hluta leikársins (á veturna) síðustu 10 ár til að gera það mögulegt að framkvæma þau verkefni sem við höfum komið að á þeim tíma. Sú vinna hefur ekki alltaf verið launuð, enda er fjármagn í svona verkefni af skornum skammti. En þó hafa kraftaverk gerst. Athyglin í samfélaginu og áhuginn á táknmálstengdum verkefnum er alltaf að verða meiri og meiri sem er mjög jákvætt og hjálpar í baráttunni fyrir jöfnu aðgengi að listum og menningu.

Getið þið sagt okkur aðeins frá undirbúningi túlka við Kabarett og Baggalútstónleikana þar sem er bæði spiluð tónlist og spjallað milli laga?

Þetta er alveg rosalega mikil vinna en líka ótrúlega skemmtileg og skapandi. Það er margt sem þarf að hugsa um ekki bara þýðingarnar á tónlistinni sem geta oft verið mjög flóknar heldur líka lýsing, staðsetningar, innkomur, útkomur, hreyfingar á sviðinu, samspil með listafólkinu, raddbeiting þeirra og framkoma ásamt tengslum við áhorfendur. Á Baggalútstónleikunum t.d. þurftum við að hafa ákveðið kerfi á því hver túlkaði talið á milli laga en talið var allt samtímatúlkun þar sem textinn var ekki ákveðinn fyrirfram og því ekki hægt að æfa hann. Lögin voru hinsvegar ákveðin fyrirfram, öll mikið undirbúin og æfð. Fjölmargar æfingar og góð samvinna við hópana sem við vinnum með er nauðsynlegur partur af þessari vinnu.

Þegar það er ekki farið eftir handriti í einu og öllu hlýtur ýmislegt óvænt að geta komið uppá við túlkunina ekki satt?

Rétt er það, stundum gerast líka óvæntar uppákomur. Dæmi er um köll úr sal, óvænt lög sem eru flutt og eitthvað getur líka klikkað í tækninni. Eins og til dæmis gerðist á Baggalútstónleikunum. Textar laganna komu á skjá á gólfinu fyrir framan okkur og þó að við kynnum þýðingarnar á flestum lögnum nokkurn

Það er ýmislegt sem getur komið uppá í sviðstúlkun enda er oft farið út fyrir handritið og því hver sýning einstök.



veginna eða alveg utan að var stundum erfitt að heyra í söngvurunum á sviðinu og þá var gott að styðjast við þessa textavél.

Til viðbótar við 16 lög sem voru æfð fyrir tónleikana, voru líka 10 eða 12 lög á lukkuhjólum sem var snúið á tónleikunum og bara 2 af þeim flutt á þerjum tónleikum. Það var því ekki hægt að vita fyrirfram hvaða lag á lukkuhjólunum kæmi á tónleikunum svo við þurftum að þýða þau öll og læra lauslega. Við vorum ekki eins æfðar í þeim lögum svo textavélin var nauðsynleg. Í öðru af lukkuhjólslögnum kom svo enginn texti á textavélin! Tæknin klikkaði eitthvað og við

heyrðum mjög illa í söngvurunum svo við þurftum að túlka það lag eftir minni. Það gekk svona þokkalega en hefði mátt vera betra. Svona er listin, það er alltaf eitthvað óvænt og spennandi! Þá er bara að brosa og hafa gaman.

Hvernig er táknmálstúlkun listviðburða frábrugðin annarri túlkun?

Túlkun listviðburða og almenn túlkun er gjörólík. Við lítum frekar á okkur sem táknmálsflytjendur en hefðbundna táknmálstúlka þegar við túlkum listviðburði. Við leyfum okkur að fara mun lengra í túlkuninni, út fyrir rammann og dónsum á mörkum listar og túlkunar ef

svo má segja. Við erum í öðru hlutverki í túlkun listar og menningarviðburða og fylgjum ekki alveg sömu reglum og við myndum gera í hefðbundnum túlkaverkefnum. Enda eru reglur listarinnar allt aðrar en reglur hlutlausra túlka. Við notumst mikið meira við líkamstjáningu, ýktari svipbrigði og meiri leikræna tilburði og við nálgumst þýðingarnar örlítið öðruvísi en ef við værum að túlka við formlegar aðstæður.

Við þösum alltaf að þýðingin á textanum sé góð og við fáum alltaf döff aðstoðarfólk til að sjá æfingu hjá okkur eða gefa okkur punkta varðandi þýðingu og annað. En mjög oft lendum

Lukkuhjólð á Baggalút reyndist erfitt þar sem ekki var hægt að vita hvaða lag yrði að túlka og svo bilaði textavélin. Flutningur gekk þó vel á laginu.



við í erfiðleikum með textana sem við erum að þýða, sérstaklega þegar þarf að þýða húmor. Því húmor er oftast svo tengdur íslensku, t.d. orðagrín, sem er náttúrulega ekkert fyndið ef það er þýtt beint á táknmál. Þá reynum við að finna eitthvað sambærilegt í táknmálinu sem er fyndið eða förum krókaleið að gríninu og notum leikhæfileikana, svipbrigði og hlutverkaskipti, þannig að það verði fyndið á táknmáli án þess að merking íslenskunnar í verkinu/laginu tapist.

Hvernig hafa aðilar sem standa að þesskonar viðburðum tekið í þær hugmyndir ykkar að táknmálstúlka þá?

Það er misjafnt en oftast mjög vel. Stundum verður fólk pínulítið hrætt við hugmyndina að hafa túlka með sér en það er eðlilegt þegar það þekkir það ekki og er ekki vant að vinna með okkur. En þegar við kynnumst betur og útskýrum okkar vinnuaðferðir skapast traust og virðing milli okkar og listafólksins sem er nauðsynlegt fyrir starf af þessu tagi.

Svo vinnum við líka oft með hópum sem eru bara spenntir fyrir að prófa að vinna með okkur og ekki hræddir við neitt. Reykjavík Kabarett var t.d. einstaklega frábær hópur að vinna með. Þau óskuðu sjálf eftir túlkum á sýningu hjá sér eftir að döff hafði lýst áhuga á að mæta á sýningu hjá þeim. Það var mjög mikilvægt fyrir þau í Reykjavík Kabarett að döff áhorfendur gætu notið sýningarinnar 100% til jafns á við heyrandi, það

þykir okkur jákvæð þróun. Þetta er auðvitað draumastaðan í okkar starfi og verður vonandi meira um slíkt í framtíðinni.

Hvað er á döfinni hjá Hröðum höndum?

Það eru mjög spennandi tímar framundan hjá Hröðum höndum. Næsta verkefni sem við komum að er leik-sýningin Það sem við gerum í einrúmi, sem verður frumsýnd í byrjun febrúar í Tjarnarbíói. Það verður boðið uppá allavega eina táknmálstúlkaða sýningu af því verki en ein persónan í verkinu er heyrnarlaus og leikur Sigríður Vala Jóhannsdóttir (Sigga Vala) það hlutverk.

Þann 10. mars kl.13.00 verður síðan Ronja ræningjadóttir táknmálstúlkuð af okkur í Þjóðleikhúsinu og geta heyrnarlausir, vinir þeirra og fjölskyldur keypt miða á þá sýningu í gegnum sérstakan hlekk en þá fá þau sæti á góðum stað og með sérstökum afslætti. Svo það er um að gera fyrir alla döff að drífa sig með börn, barnabörn, frændsystkini og vini í leikhús. Þetta er alveg frábær sýning og sagan auðvitað æðisleg.

Við vonumst til að ná að koma í gegn fleiri skemmtilegum verkefnum á næsta leikári en það er ekkert komið í ljós með það ennþá. Við hvetjum döff til að koma endilega með ábendingar til okkar um hvað þau vilja sjá, hvort sem það er leiðsögn um listasöfn eða túlkun tónleika eða leiksýninga. Ef fólk er með fleiri hugmyndir að samstarfsverkefnum

þá erum við að sjálfsgöðu opnar fyrir því. Það má alltaf gera gott betur og víkka út sjóndeildarhringinn.

Er eitthvað að lokum sem þið viljið deila með lesendum okkar?

Það má alveg nefna að það sem hefur gerst í þessum málum, táknmálstúlkun listviðburða og menningar hefur stórkostur á síðustu ár og þetta er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér. Það liggur margra ára vinna að baki og boltinn er lokins farinn að rúlla, en þetta er ekki sjálfsgagt, þó að okkur finnst aðgengi heyrnarlausra að listum sjálfsgögð mannréttindi. Það er því mjög mikilvægt að döff sýni sjálf frumkvæði, til dæmis með því að óska eftir aðgengi að viðburðum, hvort sem er í gegnum okkur eða stofnanir og ekki síst að döff mæti vel á það sem er í boði. Við viljum endilega koma því á framfæri að við erum rosalega ánægðar og þakklátar fyrir gott samstarf við Döff félag undanfarin ár og þakklátar öllum döff sem hafa aðstoðað okkur við verkefni okkar, það er ómetanlegt og við erum spenntar að halda áfram því góða samstarfi.

Það er greinilega nóg af skemmtilegum sýningum framundan á árinu og hvetjum við fólk til að fjölmenna á sem allra flestar. Aldrei að vita hvenær næsta leikhústækifæri stendur okkur til boða. Við þökkum Hröðum höndum fyrir spjallið og óskum þeim velfarnaðar á sviði listarinnar.



**FRAMTÍÐIN ER
RAFMÖGNUM**



**RAFNÁDARSAMBAND
ÍSLANDS**

Veldu rafmagn. Veldu stíl.



K O N A

ELECTRIC by Hyundai

Fyrsti rafdrifni sportjeppinn. Mesta drægnin*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni sportjeppinn á markaðnum. *Hann hefur meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhæmlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

Hyundai KONA 100% rafbíll.
Drægni 449 km (WLTP), hestöfl 204.

 **HYUNDAI**

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA
RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

Sjórinn á Tælandi er mjög hlýr og tær sem hentar vel til köfunar.

Hanna & Hilmar leggja heiminn að fótum sér

LJÓSMYNDIR EFTIR HÖNNU KRISTÍNU JÓNSDÓTTUR OG HILMAR THORARENSEN PÉTURSSON

Eftir að hafa séð myndir og heyrt af ferðalögum döff kærustupars sem hefur verið að ferðast vítt og breitt um heiminn var forvitni mín vakin. Hvernig er að vera döff ferðalangur og hvernig stóð á þessari ferðabakteríu sem hefur smitað þau bæði? Ég fékk að kíkja í heimsókn til þeirra Hönnu Kristínar Jónsdóttur og Hilmar Thorarensen Péturssonar vestur í bæ og spyrja nokkurra spurninga, skoða myndir og láta mig dreyma um framandi slóðir.

— EFTIR PÓRÐ ÖRN KRISTJÁNSSON —

Þegar mig ber að garði eru þau nýkomin heim úr vinnunni og eru að elda kvöldmat eftir langan vinnudag en Hanna Kristín vinnur í búðinni Next og Hilmar er vélvirki í fyrirtækinu RST Net. Nú hafið þið Hanna Kristín og Hilmar verið dugleg að ferðast til útlanda. Okkur langar mikið að vita hvaða lönd þið hafið heimsótt nú þegar.

Við höfum farið til 6 landa saman. Þrisvar sinnum til Póllands, þar sem við fengum okkur m.a. húðflúr, til Stokkhólms í Svíþjóð á NUL reunion (Norræna æskulýðsmótið), og til Berlínar í Þýskalandi á alþjóðlega döff húðflúr samkomu (IDTC). Við ferðumst líka til Tælands í 3 vikur, kíktum svo til London og loks fórum við í afmælisferðina hans Hilmar til Amsterdam í Hollandi síðasta haust.

Þetta eru talsvert margar utanlandsferðir hjá ykkur! Hvers konar upplifun leitist þið að þegar þið ákveðið að ferðast saman til nýrra landa?

Nauðsynlegt er að heimsækja örugg lönd og skilja allt stressið eftir heima.



Það er mismunandi eftir ferðum en oft er verið að fara gera eitthvað sérstakt eins og tattoo expo í Amsterdam í Hollandi en aðalatriðið hefur verið að búa til nýjar minningar saman og víkka sjóndeildarhringinn.

Er eitthvað land sem hefur staðið uppúr þegar kemur að upplifun eða er hver ferð einstök á sinn hátt?

Ekkert land hefur snert við okkur jafn mikið og Tæland. Alveg gjörólík menning og svo mikil gleði sem einkennir fólkið. Það er mikil fátækt í Tælandi en samt var fólkið svo ánægt með það sem það hafði og gestrisið. Að kynnst þessu opnar augu manns fyrir því hvað við vesturlandabúar höfum það rosalega gott þótt við gleymum því oft í lífsgæðakapphlaupinu. Við erum svo miklir neytendur, alltaf að kaupa okkur óþarfa hluti til að vera ánægð. Okkur leið vel í Tælandi.

En hvers vegna ákváðuð þið að fara til Tælands?

Okkur langaði til útlanda og Hanna Kristín var að skoða borgarferð til Boston sem okkur fannst vera ferlega dýr fyrir stuttan tíma. Hilmar var ekki spenntur fyrir þessu en hann fann svo fyrir tilviljun flug til Tælands á netinu sem kostaði undir 50 þúsund krónum. Við tókum þessa skyndiákvörðun að hoppa á þetta flug og vera í 3 vikur á alveg framandi slóðum. Við sjáum sko ekki eftir því!

Hafið þið kynnst döff fólki á ykkar utalandsferðum? Ef svo er haldið þið sambandi við þessa nýju döff vini ykkar?

Við þekkjum og höldum sambandi við döff út um allan heim en við kynntumst einum döff Tælendingi. Hanna Kristín komst í kynni við heyrandi tælenska

konu sem heitir Inthira gegnum Facebooksíðu fyrir ferðalanga og sú vann með döff konu sem heitir Pornphilai. Við fórum að hitta þær tvær og borðuðum saman á „lókal“ veitingastað sem þær völdu. Okkur hefði sko aldrei dottið í hug að borða á þessum stað. Þetta var besti matur ferðarinnar og ótrúlega gaman að kynnst döff Tælendingum en táknmálið var mjög ólíkt. Pornphilai fór aldrei í skóla vegna fátæktar hjá fjölskyldu hennar og lærði mjög seint tælenskt táknmál. Hún hefur náð að bjarga sér og lært á döffheiminn. Það kom fyrir misskilningur á milli okkar vegna tungumálaörðugleika, en samt náðum við að redda okkur. Þessi upplifun kenndi okkur margt.

Virkilega gaman að þið kynntust döff á Tælandi, ótrúlegt hvernig hlutirnir þróast stundum. Þið hjótið að hafa lent í mörgum óvæntum ævintýrum á ferðalagi ykkar. Er einhver saga sem stendur uppúr og þið viljið deila með



okkur?

Já, mér dettur í hug svokölluð „Long tail boat“ ferð á Tælandi sem var einka bátsferð út að fallettum eyjum sem við fengum að snorkla hjá. Inthira náði að redda okkur þessari einka bátsferð. Ég varð hálfpartinn að draga Hilmar með mér en svo reyndist þetta vera einn besti dagur ferðarinnar. Við vorum bara tvö á bátnum með skipstjóranum, mótörinn var heimasmiðaður úr bílvél og var mjög kröftugur. Við snorkluðum svo um kóralrif þar sem voru sæffillar og litríkir fiskar, meira að segja alveg eins og í teiknimyndinni um Nemó. Þetta var eins og að synda í tæru fiskabúri og var æðisleg upplifun sem ekki gleymist.

Það getur verið flókið fyrir alla að ferðast en að vera döff hlýtur að geta valdið talsverðri auka fyrirhöfn. Hafið þið einhver góð ráð um hvernig döff eiga að plana svona ævintýraferðir og hvað skal varast í þeim efnum?

Þegar við Hanna erum að undirbúa ferð gefum við okkur góðan tíma í að plana og ekki síst verður fólk að gefa sér góðan tíma á ferðalaginu sjálfu. Allt tekur lengri tíma að skoða en maður heldur og stress við að gera of margt á sama degi er ekki gaman. Við reynum að vera búin að bóka sem mest fyrirfram gegnum netið, þá gengur allt miklu hraðar fyrir sig. Gott er að vera með nöfn á hótelum tilbúin fyrir leigubíla, rútur o.þ.h. Við Hilmar pössum líka að skoða þau lönd vel sem við heimsækjum. Það er mikilvægt að vera viss um að löndin og borgirnar séu ekki hættulegar, sum hverfi á t.d. að forðast á meðan önnur eru örugg í sömu stórborginni. Það eru til Facebooksíður þar sem hægt er að spyrjast fyrir um slíkt og svo eru ferðaskrifstofurnar oft hjálplegar.

Við Hilmar getum líka aðstoðað ef fólk hefur einhverjar sérstakar spurningar.

Það er greinilega ýmislegt sem þarf að hafa í huga. Eruð þið með fleiri utanlandsferðir á döfinni næstu misserin? Ef svo er hvert og hvað ætlið þið að skoða?

Já við stefnum á stærstu ferðina hingað til í byrjun árs 2019. Við fljúgum til London 7. janúar og þaðan til Ástralíu með tengiflugi. Ferðin tekur um 36 klst.

alls. Við ætlum svo að vera komin aftur til Íslands 9. apríl og þá búin að heimsækja 9 lönd í einni ferð. Við ætlum fyrst til Ástralíu og skoða einnig leyndardómsfullt land sem ekki má segja frá strax, svo Indónesíu, Singapúr, Malasíu, Sri Lanka, Kambódíu, Búrma og loks aftur til Tælands. Það er ýmislegt búið að plana að skoða en við erum líka með marga daga óplanaða. Það er alltaf eitthvað sem er áhugavert að gera og skoða þegar komið er á staðinn því er gott að leyfa ævintýrunum að þróast

jafnóðum. Hægt er að fylgjast með okkar ferðalagi á Instagram http://www.instagram.com/d_bluebirds

Þetta verður stórkostleg ferð hjá ykkur sem skemmtilegt verður að fylgjast með á Instagram. Eitthvað að lokum fyrir lesendur okkar?

Hilmar: Ekki láta hræðslu stoppa þig við að gera það sem þig langar til og taktu áhættu. Njóttu hvers augnabliks. Við eigum bara eitt líf og eigum að láta draumana rætast. Farðu alla leið, þú munt ekki sjá eftir því.

Hanna Kristín: Ég fékk spurningu fyrir nokkrum árum sem hrasti upp í mér og hljómar svona: „Ef þú myndir deyja á morgun, myndir þú deyja sátt/ur?“ Mitt svar var nei. Við ákvaðum því að gera sem allra mest á meðan heilsan er í lagi, ferðast eins mikið og við getum. Í dag erum við miklu sáttari, við höfum upplifað margt og séð margt saman en það er heilmikið eftir. Lífið lífinu og njótið!

Við þökkum þeim skötuþjúum fyrir spjallið og myndirnar. Það er auðvelt að hrífast af þessum dugnaði og jákvæðni, halda á vit örlaganna og upplifa eitthvað nýtt. Ég veit ekki með ykkur en ég er farinn að undirbúa næstu ævintýri.



Fararskjótinn úti eyjarnar var óvenjulegur, mótorinn gerður úr bilvél og mjög kröftugur.

Hleðslulausnir fyrir rafbíla



www.isorka.is

- Einstaklingar
- Fjölbýli
- Fyrirtæki



Ísorka
Komum rafmagni í umferð



Lestur fræðigreina: Táknmálsfræðinemendur skrifa

Undanfarin ár hafa fyrsta árs nemendur í táknmálsfræði og táknmálstúlkun við Háskóla Íslands skrifað pistla í Döffblaðið og er það hluti af námsmati í námskeiðinu Menning og saga heyrnarlausra I. Markmiðið er tvíþætt, að þjálfarar nemendur í að skrifa texta um viðfangsefni námskeiðsins og að deila því sem þeir læra með táknmálssamfélaginu öllu og þar með efla tengsl námsgreinarinnar og samfélags döff. Viðfangsefnin eru ólík hverju sinni en í ár fjalla nemendur um tvær fræðigreinar.



Höfundur: Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknmálsfræði við Háskóla Íslands

Lestur fræðigreina er mikilvægur hluti háskólanáms og nemendur bæði kryfja efni greinanna, velta fyrir sér og jafnvel gagnrýna. Lestur greina er oftast en ekki mikilvægt innlegg í gagnrýna og fordómalaus umræðu nemenda. Í þessum pistli verða til umfjöllunar tvær þeirra greina sem nemendur lásu á haustmisseri 2018, önnur er eftir Rachel Cooper frá 2007 og ber nafnið „Getur það verið gott að vera döff?“, hin er frá árinu 2005 og er skrifuð af Harlan Lane og má þýða heiti hennar sem „Þjóðaruppruni, siðfræði og döffheimurinn“.

Nemendur völdu aðra hvora greinina til lestrar, ræddu hana í hópum og kynntu efnislega fyrir samnemendum. Hluti nemendanna vann svo áfram með greinarnar og kom þeim í það pistlaform sem hér fer á eftir.



Kristinn Arnar Diego:

„Þjóðaruppruni, siðfræði og Döffheimur“ er grein eftir Harlan Lane þar sem hann setur fram rök fyrir því af hverju döff heimur eigi að kallast þjóðernishópur. Í greininni fjallar hann um döff fólk sem málminnihlutahópa. Lane kemur með útskýringu og rökstuðning fyrir því af hverju barátta döff fólks hefur ekki náð eins miklum árangri og hún ætti að hafa gert. Hann segir að ástæðan sé sú að samkvæmt fötlunarfræðingum sé döff fólk með skerðingu.

Margir döff fræðimenn eru ósammála fötlunarfræðingum því áhersla döff fræðimanna er á það að berjast fyrir því að fá viðurkenningu sem málminnihlutahópur og hagsmunamál þeirra hafa ekki alltaf farið saman með baráttumálum annarra hópa fatlaðra. Fötlunarfræðingar leggja áherslu á mannréttindi og fullan rétt fatlaðs fólks til samfélagslegrar þátttöku. Módelið sem fötlunarfræðingar vilja nota hentar ekki þegar verið er að tala um málminnihlutahóp þar sem döff fólk telur sig heyrna til. Of mikið er horft á skerðingu á meðan döff telja það að vera heyrnarlaus ekki vera skerðingu. Heyrnarlausir vilja heldur fá viðurkenningu sem málminnihlutahópur vegna tungumála þeirra og menningar.

Í greininni setti Lane fram fjórar ástæður fyrir því af hverju heyrnarleysi eigi ekki að vera greint sem fötlun, en þær eru; að döff einstaklingar líta ekki sjálfir á heyrnarleysi sem fötlun, þeir líta á sig sem jafningja heyrenda og þurfa þessvegna ekki öðrvísi læknisaðstoð en þeir sem heyrna, hjálpartæki eða en-

durhæfingu; það felur í sér áhættu fyrir döff börn að láta þau fara í kuðungsgræðslu sem getur verið hættulegt. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að velja sjálf hvaða menningu og samfélagi þau vilja tilheyra þegar þau hafa aldur og þroska til; það er hættu á því að samfélag döff deyi út ef heyrnarleysi hverfur smátt saman vegna kuðungsgræðslu; döff arfbætur í dag munu fara minnkandi ef það er framkvæmd kuðungsgræðsla á döff börnum. Því fleiri sem fá að vera döff þeim mun líklegri er að litni verði á döff sem minnihlutahóp en ekki sem fötlun. Lane telur að módelið sem fötlunarfræðingar séu að fara eftir, muni ekki koma með þær lausnir sem döff fólk er að berjast fyrir. Döff fólk vill fá viðurkenningu sem málminnihlutahópur.

Íris Árnadóttir, Christine Heirbaut og Kristín Pálsdóttir: ÁLITAMÁL

Eitt af því sem er svo mikilvægt í táknmálsfræðinámi er að reyna öðlast skilning á menningarheimi döff. Það er að lesa, skilja og ræða um skrif og rannsóknir sem gerðar eru bæði af döff og heyrandi fræðimönnum, heimspekingum, aðgerðarsinum og fleirum. Okkur var falið að lesa og fjalla um grein sem skrifuð er af Rachel Cooper sem er heimspekingur. Titill greinar hennar bæði vakti athygli okkar og áhuga en hann er: „Getur það verið gott að vera döff?“. Vegna heitisins vorum við vongóðar um að fá nýja sýn og sjónarhorn á menningarheim döff, en eftir lesturinn sátum við eftir með blendnar tilfinningar.

Í grein sinni reynir Cooper að meta kosti og galla þess hvort það að vera heyrnarlaus geti verið jákvætt fyrir döff einstaklinga. Í inngangi greinarinnar heldur Cooper því fram að mikilvægt sé að döff einstaklingar taki þátt í rannsóknum sem varða þá sjálfa. Hún rökstyður það með því að segja að döff einstaklingar hafi bestu þekkinguna á málefnum sínum og enginn annar geti lýst því betur hvað það þýði að vera döff. Svo undarlegt sem það er finnst okkur hún ekki taka það sjónarhorn til greina, heldur virðist hennar eigið sjónarhorn vega þyngra sem heyrandi. Þannig reynir hún að meta út frá sínum eigin forsendum hvort það sé betra að vera döff eða hvort það sé að minnsta kosti jafngott og það að vera heyrandi. Cooper tekur það einnig fram að hún ætli sér eingöngu að fjalla um þá sem hafa verið döff frá fæðingu. Það að upplifa heyrnarmissi síðar á ævinni og verða heyrnarlaus, telur Cooper að sé alltaf neikvætt fyrir þann sem verður fyrir því. Það var fyrst þá sem við gerðum okkur grein fyrir að þessi grein yrði allt öðruvísi en við áttum von á, allt öðruvísi en titillinn gaf til kynna.

Cooper stiklar á nokkrum viðfangsefnum til þess að meta kosti þess að vera döff, án þess oft á tíðum að rökstyðja nægjanlega hvað hún eigi við. Sum viðfangsefnið sem hún minnst á í einni málsgrein lætur hún niður falla. Hún er t.d. með mjög góða umfjöllun um skynjunarþætti og nefnir sem dæmi það að sjá rauðan lit. Þar heldur hún því fram að



það sé ekki slæmt að hafa færri skynjunarþætti eins og heyrnar- skynjunarþætti og því ekki hægt að fullyrða að það sé slæmt að vera döff út frá þeim. Þar kemur hún fram með góðar útskýringar og skýrar niðurstöður. Rétt á eftir minnst hún á muninn á milli döff og annarra málminnihlutahópa en kemur ekki fram með neinar niðurstöður máli sínu til stuðnings. Versta dæmið að okkar mati er þegar hún tekur til umfjöllunar hvort sum tungumál geti verið betri en önnur, en þar eins og áður kemst hún ekki að neinni niðurstöðu hvað varðar samanburð á gæðum tákn máls og raddmáls. Annað vandamál má nefna þegar kemur að umfjöllun hennar um tákn máli, er að hún fjallar um rök fyrir því að tákn máli séu betri eða æðri en raddmál en fjallar síðan ekki um nein mótrök fyrir því. Það að Cooper tekur fyrir ýmis viðfangsefni án skýrrar niðurstöðu, gerir grein hennar bæði torlesna og óskipulagða.

Besta ráðið samkvæmt Cooper þegar þarf að laga erfiðleika í samskiptum er annaðhvort að breyta einstaklingnum eða samfélaginu, í þessu tilfalli að breyta döff einstaklingi eða að breyta samfélaginu með því að kenna fólki tákn máli. Hún tekur nokkur dæmi máli sínu til rökstuðnings og nefnir þá fordóma samfélagsins gegn svörtu, samkynhneigðu eða ófríðu fólki sem hefur ekkert með döfferni að gera. Hún viðurkennir þó að þetta umræðuefni sé of flókið til að ræða það frekar í greininni og við veltum því fyrir okkur af hverju hún hafi þá minnst á það til að byrja með. Það sem kom okkur á óvart er að prófessor sem skrifar um það að vera heyrnarlaus, noti hugtak eins og að „lækna“ heyrnarleysi þegar talað er um kuðungsígræðslu og framtíðartækni.

Þessi grein Coopers vakti hjá okkur margar spurningar og enn lengri umræður sem síðan leiddu okkur að eftirfarandi niðurstöðum: Í fyrsta lagi voru við sammála um að viðhorf hennar væri bæði þröngsýnt og neikvætt. Í öðru lagi finnst okkur á stundum hún taka nokkuð gróft til orða og við efumst um huglægni hennar þegar kemur að niðurstöðum hennar. Í þriðja lagi hefðum við viljað að Cooper hefði valið t.d. eitt viðfangsefni og fjallað um það á dýpri hátt, frekar en að minnast á svo mörg og koma ekki með neinar afgerandi niðurstöður.

Er eitthvað sameiginlegt með Harry Potter og döff samfélagi?

— EFTIR KRISTIN ARNAR DIEGO —

Mjög margar greinar hafa verið skrifaðar um Harry Potter bækurnar og vinsældir þeirra. Todd A. Czubek og Janey Greenwald skrifuðu greinina „*Understanding Harry Potter: Parallels to the Deaf World*“ sem var birt í *Journal of Deaf Studies and Deaf Education* árið 2005. Þau vildu skoða allar sjö Harry Potter bækurnar og kanna hvort það væri eitthvað líkt með Potter og döff heiminum. Markmiðið var að sýna fram á að barnabækur, eins og þær um Potter, sé vel hægt að tengja við og skoða út frá sjónarhorni döff samfélags. Að Potter sé ekki eingöngu einföld saga um strák sem gengur í galdskóla, lærir að veifa sprota og bjargar galdraheiminum frá illmenninu Voldemort.

Ímyndaðu þér döff og Potter ásamt galdrafólkinu sem minnihlutahóp innan meirihlutahóps sem eru heyrendur og almenningur sem ekki hefur galdramátt. Ég ætla núna að bera saman hvernig Potter og galdrafólkið upplifði svipaða menningu, reynslu og upplifanir eins og döff fólk gerir í heiminum og byggir þá að miklu leyti á því sem greinarhöfundar segja. Við vitum að Potter var strákur sem fæddist með galdramátt og ólst upp hjá frændfólkinu sínu, Petuniu, Vernon og Dudley Dursley. Þau voru „muggar“ en muggi er hugtak úr bókunum sem nær yfir venjulegt fólk sem ekki getur galdrað og kemur ekki úr galdrafjölskyldu. Þau vissu að Potter væri galdramaður en þau sögðu honum ekki

frá því og voru mjög andvíg göldrum. Potter vissi samt sem áður að hann væri ólíkur frændfólki sínu og krökkunum sem voru í kringum hann. Ef Potter framkvæmdi óvart galdra sem hann vissi ekki að hann gæti gert þá var honum refsað af frændfólkinsinu fyrir athæfið. Þessi reynsla sem Potter upplifði líkist mjög reynslu 90-95% döff barna sem hafa alist upp hjá heyrandi fjölskyldu. Heyrandi foreldrar sem eignast döff barn eru oft ráðalásir varðandi það hvað gera eigi við barnið sem heyrir ekki neitt. Þeir vita ekki hvernig á að eiga samskipti við barnið þannig að þeir reyna oftast að láta barnið líkjast foreldrunum með því að kenna þeim m.a. varalestur, reyna fá þau til þess að heyra með þjálfun, senda þau

Kristinn Arnar Diego og Alexandra Líf Diego á góðri stundu.



í talkennslu og reyna að gera barnið að „heyrandi“ sem er svipað og Alexander Graham Bell barðist fyrir. Bell var frægur fyrir mannkynsbótastefnu sem fólst í því að berjast fyrir því að banna táknmál og kenna varalestur. Hann barðist fyrir því að kennarar og heyrandi foreldrar kenndu börnum sínum að tala og nota ekki táknmál. Það má þess vegna segja að Potter og döff börn hafi upplifað það sama, að það sé verið að reyna að laga þau og þau séu álitin gölluð. Að það sé verið að reyna að láta þau líkjast meirihluta almennings í stað þess að leyfa þeim að kynnst þeirra eigin menning, reynslu og sögu sem þau tilheyra.

Því var haldið leyndu af frændfólkinu að Potter væri galdramaður eins og því er haldið leyndu fyrir döff börnum að þau eigi aðgang að döff samfélagi. Þegar Potter varð 11 ára komst hann að því að hann væri í rauninni galdramaður en hann hafði þá fengið inngöngu í Hogwartsskóla, skóla galdra og seiða. Þarna upplifði hann þá í fyrsta sinn að hann væri galdramaður og að þarna voru aðrir krakkar sem voru eins og hann. Einnig kemst hann að því að það var til galdrasamfélag, galdramenning og galdraheimur. Það er hægt að segja að mörg döff börn sem hafa eingöngu alist upp í heyrandi samfélagi, farið í almennan skóla og eingöngu notað varalestur í samskiptum við aðra, hafi reynt að berjast við að skilja hvað allir eru að segja. Oft er mjög erfitt fyrir döff að reyna að fylgjast með og þau verða orðin þreytt þegar þau verða eldri og komast á unglingsaldur, þau fara þá mörg að kalla eftir hjálp því þá upplifa þau oftast fyrst örðugleika í samskiptum vegna heyrnarleysis. Þá komast þau að því að það eru til döff skólar, að það sé til döff samfélag, döff menning og döff heimur. Þarna er hægt að sjá hvað fleira

Potter á sameiginlegt með döff börnum þegar hann kemst að því að það er til galdrasamfélag eins og döff börn komast að því að það er til döff samfélag.

Víðsvegar um allan heim og þá sérstaklega í Bandaríkjunum eru skólar með íþróttamót fyrir döff og þá er oft spilaður körfubolti, frjálsar íþróttir, amerískur fótbolti og blak. Þarna hitta döff krakkar aðra döff krakka úr öðrum skóla og keppa. Það er mjög þekkt í Bandaríkjunum að eldra döff fólk komi og fylgist með. Það gerðist einnig með Potter þegar hann var að keppa um eldbikarinn. Sú keppni snerist um að leysa þrautir þar sem ungir töframenn kepptu á móti hvor öðrum og margir gamlir nemendur úr Hogwartsskóla og aðrir galdramenn komu og fylgdust með. Enn og aftur sjáum við gott dæmi um hvernig Potter og döff einstaklingar eiga sameiginlegu reynslu tengda íþróttamótum og þeim hefðum sem fylgja því að eldri og fyrrverandi nemendur koma og fylgjast með.

Hogwartsskóli á mjög margt sameiginlegt með döff skólum í Bandaríkjunum. Í Hogwartsskóla bjó Potter á heimavist á meðan hann var í skólanum sem er eins og með marga döff krakka þegar þau eru í námi við döff skóla í Bandaríkjunum. Potter elskaði að vera á heimavistinni því þar eignaðist hann vini, gat verið hann sjálfur og honum líkaði illa að fara heim til sín á sumrin og á fríðögum, heim til frændfólks síns þar sem litíð var niður á hann og hann upplifði sig ekki vera heima. Döff börnum finnst mörgum mjög gaman að vera í heimavist því þar er hægt að tala táknmál við aðra og þarna eru vinir og allir hafa svipaðan bakgrunn. Þeim finnst mörgum líka erfitt að fara heim til sín á sumrin og á fríðögum því þá geta þau mörg ekki talað við neinn og finna þá fyrir einmanaleika.

Bækurnar um Harry Potter fjalla um nokkrar fjölskyldur sem hafa mismunandi stöðu innan galdrasamfélagsins. Weasley fjölskyldan var ein af fáum hreinræktuðum galdrafjölskyldum, sem þýðir að allir fjölskyldumeðlimir voru fæddir galdramenn, á meðan t.d. vinkona Potters, Hermione Jean Granger, fæddist inn í muggafjölskyldu, en foreldrar hennar voru bæði tannlæknar og tilheyrðu ekki galdrasamfélaginu. Þannig að Granger, sem kom úr muggafjölskyldu og Potter sem ólst upp hjá muggafjölskyldu, nutu ekki eins mikillar virðingar og stuðnings frá galdrasamfélaginu eins og Ron Weasley sem var hreinræktuður galdramaður. Það sama á við um döff börn sem fæðast í döff fjölskyldu en þau eru oft hvatt að læra táknmál, eru stolt af sjálfum sér og tilheyra döff samfélagi. Á meðan önnur döff börn sem eiga heyrandi foreldra sem hafa litla sem enga þekkingu á döff samfélagi og reyna oft að útiloka þau frá döff samfélaginu eins og Potter upplifði frá frændfólksinu.

Í bókinni voru til ýmiss samtök, galdrabúðir, galdramálaráðherra, galdraskóli og fleira sem er hægt að segja að sé eins hjá döff. Döff eru t.d. með búðir þar sem eru eingöngu seldar bækur og vörur tengdar táknmáli, háskóli fyrir döff í Bandaríkjunum, döff kaffihús sem Starbucks var að opna nýlega í Bandaríkjunum og ýmiss önnur samtök eins og Félag heyrnarlausra, Íþróttafélag heyrnarlausra, Puttalingar, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra o.s.frv.

Í síðustu bókinni voru Potter og vinir hans að takast á við stórt verkefni og það var að reyna að eyða helkrossum hins mikla Voldemorts sem var erkióvinur Potters. Voldemort var magnaðasti galdramaður myrku aflanna og vildi ráða ríkjum en það var Potter sem barðist gegn honum. Það má bera þetta saman við döff fólk sem hefur hópast saman og barist fyrir því að menning heyrnarlausra sé viðurkennd og táknmál þeirra sé virt.

Það má líta svo á að Harry Potter og döff einstaklingar eigi margt sameiginlegt. Potter sagan er miklu dýpri en margir búast við ef vel er rýnt í hana. Sagan er skemmtileg og snertir mörg þemu sem ná til döff fólks. Sögurnar geta glatt það og döff geta tengt þær við sína eigin menningu og upplifanir.

Við þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn



HS VEITUR



icepharma

Lýðgöð 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is

VÍNBÚÐIN | ÁTVR

LANDSNET

Hringdu

ÁTVR er handhafi gullmerkis jafnlaunaúttektar PWC 2016



SAMHERJI

nettó

.origo.

ThorShip
-snjallari!

ÍSLENSK
ERFDAGREIÐING

NÓI SÍRÍUS

VSV
VESTMANNAEYJAR
ICELAND



Kópavogsbær

LMB | MANDAT

LÖGMANNSSTOFA | LEGAL SERVICES



Heyrnar- og talmeinastöð Íslands



HB GRANDI



Húsaskjól
fasteignasala



Domino's



Allt fyrir hús, heimili og garða

Sérhæfð þjónusta við raforkubúnað í orkuönaði



Dreifispennistöðvar fyrir jarðstrengi



RST Net framleiðir dreifispennistöðvar sem tengjast háspennnum og lágspennnum jarðstrengjum í dreifikerfum rafveitna. Mikilvægur þáttur í rafvæðingu með jarðstrengjum í dreifbýli er aukið afhendingaröryggi og gæði raforku til hagsbóta fyrir notendur sem hafa möguleika á að tengjast þriggja fasa rafmagni.

Sérhæfðir fagmenn RST Nets tryggja gæði framleiðslunnar, einn af þeim er Hilmar Th. Pétursson, döff vélvirki

Rafvæðing í dreifbýli með jarðstrengjum

- aukið afhendingaröryggi
- aukin flutningsgeta
- Þriggja fasa dreifing

- Íslensk hönnun
- Íslensk framleiðsla
- Íslensk fagmennska



RST Net

Álfhelli 6 221 Hafnarfirði rst@rst.is